



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á fjölmenningsráði
á Rífi í Snæfellsbæ
21. október 2017**

Okkur hjónum er bæði heiður og ánægja að sækja þessa fjölmenningsráði, hér í Rífi í Snæfellsbæ. Hingað er fólk komið saman til að gera sér glaðan dag, á gamlan og góðan máta, og kynnast um leið hvert öðru, ólíkum siðum og menningu.

Fjölmenningsráði er fallett orð, fjölmennings sömuleiðis. Fjölmennings ber með sér umburðarlyndi og víðsýni, fróðleiksprá og andúð á hleypidómum. Fjölmennings er andstæða kreddutrúar, þröngsýni og öfga sem aldrei skal þola í hennar nafni. Sönn fjölmennings er eins falleg og heilbrigð ættjarðarást. Slík ættjarðarást felur í sér að fólk ann sögu sinni, umhverfi og menningu, áttar sig á því hvað hefur mótað einstaklinga og þjóðir í aldanna rás, hverju beri að hampa og hvað beri að forðast þegar við höldum áfram að skapa okkur sjálfsmynd og fallega framtíð. Ættjarðarást er því andstæða þjóðrembu sem byggist á drambi og hroka, ótta við breytingar og ótta við hið ókanna.

Við Íslendingar búum að því, ólíkt flestum öðrum þjóðum í okkar heimshluta, að geta fullyrt með nokkurri vissu hvenær föst búseta hófst í landinu okkar, jafnvel hverjir komu helst hingað og hvaðan þeir héldu. Við getum því séð hvenær menning tók að myndast hér, hvenær þjóð varð til, og hvenær sögur okkar voru skráðar, einstakt framlag til heimsbókmennta. Í sjálfstæðisbaráttu okkar á nítjándu öld og fram á þá tuttugustu var því gjarnan haldið fram að þau skrif hefðu skapast í menningarlegri einangrun, sprottin af hreinum íslenskum anda. Sú notkun bókmenntanna á vettvangi stjórnmála og sjálfstæðis stóðst ekki nánari skoðun. Um miðja síðustu öld vísaði Sigurður Nordal, sá meistari íslenskra fræða, þessu rækilega á bug og sagði sönnu nær að fornþjóðmenntir okkar „áttu sérstöðu sína miklu fremur víðsýni þjóðarinnar og fjölmenningsráði að þakka, ekki einungis eftir að ritöld hófst, heldur löngu fyrr“.

Síðar hafði ýmsir fræðimenn og annað áhugafólk um íslenska sögu og menningu tekið í sama streng. Hér var „suðupottur ólíkra menningarstrauma“, sagði einn til dæmis: „Hér var svo sannarlega fjölmening.“

Kæru vinir: Ég ætla ekki að þreyta ykkur með löngum fyrirlestri um túlkanir á íslenskri sögu og menningararfi. En höldum þessum skoðunum til haga hér á þessari ágætu fjölmeningarhátíð. Menning okkar á sér alþjóðlegar rætur og megi svo vera áfram. Í myndlist og tónlist, leiklist og allri afþreyingu, blandast saman erlendir straumar og íslenskur farvegur. Tökum í gamni og alvöru nýtt rapplag Góða úlfsins, tíu ára drengs sem heitir fullu nafni Úlfur Emilio Machado Tinnuson. „Græða peninginn“ er þar viðlagið og svo er farið í búð, ís keyptur og bland í poka. „Sóaði öllum peningunum, en ég bara græði á morgun.“ Já, er ekki eitthvað íslenskt við þetta, þótt rappað sé að erlendum hætti?

Menning er eitt, vinna annað, þótt vissulega eigi skilin ekki að vera skörp þarna á milli. Aldrei hafa fleiri erlendir ríkisborgarar verið á vinnumarkaði hér, rúmlega tíu prósent, að ógleymdum þeim sem hafa öðlast íslenskt ríkisfang. Mest ber á Pólverjum en fólk kemur víða að, annars staðar úr austurhluta Evrópu, sunnar úr álfunni, frá Suðaustur-Asíu, Suður-Ameríku og svo mætti áfram telja. Við þurfum vinnandi hendur, ekki síst í fiskvinnslu, byggingariðnaði, ferðaþjónustu og hátækni. En við eigum að bjóða fólk af erlendum uppruna velkomið á öll svið íslensks samfélags og atvinnulífs.

Já, þeir eru svo sannarlega velkomnir sem hingað vilja koma og leggja sitt af mörkum til samfélagsins, lifa og starfa í sátt við aðra. Og við sem fæddumst hér og eigum rætur okkar hér eigum svo sannarlega að átta okkur á því að það getur verið vandasant að setjast hér að, kynnast nýjum síðum og laða sig að þeim, búa við óblíða náttúru og veðurfar – og læra íslensku!

Við sem höfum þekkt málið frá blautu barnsbeini megum ekki vænta þess að fólk flytji hingað og geti tjáð sig á gullaldaríslensku á svipstundu. Við verðum að sýna umburðarlyndi í þeim efnum og hjálpa fólk að læra málið. Um leið verða þeir sem hingað koma líka að átta sig á því að á Íslandi veittir kunnátta í íslensku aukin tækifæri, jafnvel aukin lífsgæði.

Svo verðum við að sýna þeim sem hingað koma til að snúa hjólum atvinnulífsins með okkur sjálfsagða virðingu. Því miður hefur borið á því að reynt sé að hlunnfara fólk af erlendum uppruna. Það er auðvitað óþolandi. Þess hefur jafnframt gætt að þeir sem bera ókunnuglegt nafn eigi erfiðara en ella með að fá starf eða boð í atvinnuviðtal. Þann afdalahátt verður að uppræta. Við eigum að standa saman hér á landi, hvaðan sem við komum, stefna að því að efla og styrkja friðsælt samfélag

þar sem fólk leggur sitt af mörkum, virðir lögin, lifir í sátt við aðra, auðgar menningu hvers annars, stefnir að því að sjá sér og sínum farborða en gerir sér líka glaðan dag þegar svo ber undir.

Þetta skulum við gera saman hér í dag. Við Eliza þökkum það boð að sitja með ykkur fjölmenningshátíð í Snæfellsbæ og hlökkum til að fylgjast með þeim skemmtilegu og fjölmenningslegu viðburðum sem hér verða í boði.